

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2016



KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2016

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2016. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og verðum með tvo tíma í kvikmyndafræðum fyrir miðstig og efsta stig grunnskóla þar sem við könnum kvikmyndasöguna, fjöllum um hvað er kvikmynd og hvernig við lesum hana með ótal vísunum í kvikmyndasöguna.

Í haust bjóðum við upp á japönsku verðlaunateiknimyndina Mononoke prinsessa, sýnum To Kill a Mockingbird eftir samnefndri bók Pulitzer-verðlaunahafans Nelle Harper Lee, lítum inn í Buckinghamhöll þegar Lafði Díana lést og könnum ástandið í Timbuktu þegar jihadistar tóku yfir, en myndin sýnir fram á samskipti friðsamra múslíma við bókstafstrúarmenn. Við vörpum ljósi á kvikmyndaíðnaðinn í Hollywood snemma á sjöunda áratugnum þegar Hitchcock ákvað að gera Psycho, en án allra blóðsúthellinga svo myndin hentar vel fyrir 13 ára og eldri, einnig sýnum við hina skemmtilega O Brother Where Art Thou eftir Cohen-bræður.

Verðlaunamyndirnar Hefndin og Hærra en sprengjur sýna viðkvæm samskipti í fjölskyldum, en í þeirri fyrrnefndu er tekið á einelti og í þeirri síðari hvernig það er að vera unglingur í andstöðu við umhverfið. Báðar myndirnar fjalla um sorgarferli á nærfærinn hátt. Hin hressilega Adèle Blanc-Sec er eins konar kvenútgáfa af Indiana Jones og ferðast til Egyptalands til að leita lækninga fyrir systur sína í París og við fáum innsýn í lífið í París árið 1911. Með Hringjaranum í Notre Dame fáum við einnig innsýn í París frá fyrri tíð og við sýnum Fríðu og Dýrið með klippum úr meistaraverki Jean Cocteau, La belle et la bête frá 1946.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



**KVIKMYNDAFRÆÐSLA FYRIR BÖRN OG UNGLINGA HAUSTIÐ
2016 Í BÍÓ PARADÍS**

**Verkefnastjóri Oddný Sen
oddnysen@gmail.com**

SÝNINGAR:

1. MONONOKE PRINSESSA - ÞRIÐJUDAGUR 20. september kl. 10:00

2. DROTTNINGIN - ÞRIÐJUDAGUR 20. september kl. 13:00

3. FRÍÐA OG DÝRIÐ - ÞRIÐJUDAGUR 27. september kl. 10:00

4. TIMBUKTU - ÞRIÐJUDAGUR 27. september kl. 13:00

HLÉ VEGNA RIFF

5. TO KILL A MOCKINGBIRD - FIMMTUDAGUR 13. október kl. 10:00

TIMBUKTU – FIMMTUDAGUR 13. október kl. 10:00

6. HEFNDIN - FIMMTUDAGUR 13. október kl. 13:00

7. LOUDER THAN BOMBS - ÞRIÐJUDAGUR 18. október kl. 10:00

8. HITCHCOCK - ÞRIÐJUDAGUR 18. október kl. 13:00

9. HRINGJARINN Í NOTRE DAME - FIMMTUDAGUR 27. október kl. 10:00

10. O BROTHER, WHERE ART THOU? - FIMMTUDAGUR 27. október kl. 13:00

**11. HIN ÓTRÚLEGU ÆVINTÝRI ADELE BLANC-SEC - ÞRIÐJUDAGUR 1.
nóvember kl. 10:00**

**12. HVAÐ ER KVIKMYND? TÍMI Í KVIKMYNDASÖGU OG KVIKMYNDALÆSI -
ÞRIÐJUDAGUR 1. nóvember kl. 13:00**

13. DROTTNINGIN - FIMMTUDAGUR 10. nóvember kl. 10:00

14. MONONOKE PRINSESSA - FIMMTUDAGUR 10. nóvember kl. 13:00

15. FRÍÐA OG DÝRIÐ - ÞRIÐJUDAGUR 15. nóvember kl. 10:00
16. TIMBUKTU - ÞRIÐJUDAGUR 15. nóvember kl. 13:00
17. HEFNDIN - FIMMTUDAGUR 24. nóvember kl. 10:00
18. LOUDER THAN BOMBS - FIMMTUDAGUR 24. nóvember kl. 13:00
19. HVAÐ ER KVIKMYND - TÍMI Í KVIKMYNDASÖGU OG KVIKMYNDALÆSI -
ÞRIÐJUDAGUR 29. nóvember kl. 10:00
20. TO KILL A MOCKINGBIRD - ÞRIÐJUDAGUR 29. nóvember kl. 13:00
21. HITCHCOCK - ÞRIÐJUDAGUR 6. desember kl. 10:00
22. O BROTHER, WHERE ART THOU - ÞRIÐJUDAGUR 6. desember kl. 13:00
23. HRINGJARINN FRÁ NOTRE DAME - ÞRIÐJUDAGUR 13. desember kl. 10:00
24. HIN ÓTRÚLEGU ÆVINTÝRI ADELE BLANC-SEC ÞRIÐJUDAGUR 13.
desember kl. 13:00

Verkefnastjóri: Oddný Sen
Skráningar: oddnysen@gmail.com



1. PRINCESS MONONOKE - HAYAO MIYAZAKI, 1997, JAPAN, 4.-6. bekkur



MONONOKE PRINCESSA

**TEGUND OG ÁR /Ævintýri, teiknimynd/LENGD: 134 MIN /LAND: JAPAN/
LEIKSTJÓRI: Hayao Miyazaki AÐALHLUTVERK: Billy Crudup, Billy Bob
Thornton, Minnie Driver**

Ungur hugaður stríðsmaður að nafni Ashitaka, fær á sig bölvun þegar hann er að reyna að vernda þoprið sitt fyrir brjálaðri skepnu. Til að bjarga lífi sínu þarf hann að fara í frumskógana fyrir vestan. Þegar hann er kominn þangað þá dregst hann inn í ofsafengna baráttu sem mennirnir áttu í við skóginn.

Hin metnaðarfulla Lady Eboshi og skósveinar hennar, nota byssur á móti guðum skógarins og hugaða unga stúlku, Princess Mononoke, sem var alin upp af úlfaguð. Ashitaka sér hið góða í báðum fylkingum, og reynir að stöðva blóðbaðið. Því er tekið af úlfúð af báðum fylkingum, sem báðar vantreysta Ashitaka.

Myndin er eftir einn fremsta teiknimyndahöfund í heimi, Hayao Miyazaki, sem gerði hina frægu "Spirited Away". Hún hefur fengið fjölda verðskuldaðra verðlauna og viðurkenninga og er í senn ævintýri sem gerist á framandi slóðum og listaverk.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

2. *THE QUEEN* - STEPHEN FREARS, 2006, BRETLAND, ALDUR: 8.-10. bekkur



DROTTNINGIN

*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 2006/LENGD: 103 MIN /LAND: BRETLAND/
LEIKSTJÓRI: Stephen Frears /AÐALHLUTVERK: Helen Mirren, Michael Sheen,
James Cromwell*

Þegar fréttir af dauða Díönu prinsessu skóku heimsbyggðina og sérstaklega bresku þjóðina dró hennar hátign Elísabet II drottning sig til hlés ásamt fjölskyldu sinni innan veggja Balmore kastala, ófær um að skilja viðbrögð almennings við þessum harmleik. Fyrir Tony Blair, vinsælan og nýkjörinn forsætisráðherra, var þörf almennings fyrir huggun og stuðning frá leiðtogum sínum augljós. Á meðan tilfinningaflóðið jókst með hverjum deginum, fann Blair sig knúinn til að finna leið fyrir hina ástkæru drottningu að ná tengslum aftur við bresku þjóðina.

The Queen var valinn sem opnunarmyndin á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og vann til þriggja verðlauna, þ.á.m. var Helen Mirren valin besta leikkona í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á Elísabetu II drottningu.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

3. FRÍÐA OG DÝRIÐ - GARY TROUSDALE, 1991, BANDARÍKIN, ALDUR: 1.-5. bekkur



TEGUND OG ÁR /Ævintýri, teiknimynd, 1991/LENGD: 83 MIN /LAND: BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Gary Trousdale, Kirk Wise /AÐALHLUTVERK: Paige O'Hara, Robby Benson, Jesse Corti

Myndin fjallar um hina ungu og fögru Bellu sem finnur drungalegan kastala úti í skógi þegar hún tynist, en í kastalanum leynist illgjarnt og ljótt skrímsli. Skrímslið reynist vera prins í álögum, en þau liggja á honum vegna eigingirni sinnar og sjálfelsku og verður ekki aflétt fyrr en honum tekst að finna manneskju til að elska sig. Ásamt honum er allt þjónustufólkið í álögum sem ýmiss konar áhöld, en það einsetur sér að hjálpa Bellu að finna hið góða í skrímslinu og aflétta álögunum áður en það verður of seint.

Á undan sýningu sýnum við brot úr listaverki Jean Cocteau, *La Belle et la Bete* frá 1946.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

**4. TO KILL A MOCKINGBIRD - ROBERT MULLIGAN, 1962, BANDARÍKIN,
ALDUR: 8.-10. bekkur**



TO KILL A MOCKINGBIRD

**TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 1962/LENGD: 129 MIN /LAND: BANDARÍKIN/
LEIKSTJÓRI: Robert Mulligan /AÐALHLUTVERK: Gregory Peck, John Megna,
Frank Overton**

Myndin er byggð á Pulitzer-verðlaunabók Nelle Harper Lee frá árinu 1961. Atticus Finch er lögfræðingur í Alabama á fjórða áratug síðustu aldar, þegar aðskilnaður ríkir á milli hvíttra og svartra. Hann samþykkir að verja ungan svartan mann sem er ákærður fyrir að nauðga hvíttri konu. Margir þorpsbúa reyna að fá Atticus ofan af þessu, en hann ákveður að halda sínu striki. Hvernig mun réttarhaldinu vinda fram - og mun það breyta einhverju fyrir ástandið í kynþáttamálum í bænum?

Skráningar: oddnysen@gmail.com

5. TIMBUKTU - ABDERRAHMANE SISSADOU, 2014 - ALDUR 10. bekkur



TIMBUKTU

TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 2014/LENGD: 96 MIN /LAND: Frakkland og Míritaníá/ LEIKSTJÓRI: Abderrahmane Sissako/AÐALHLUTVERK: Abel Jafri, Hichem Yacoubi, Toulou Kiki

Í Timbuktu segir frá friðsömum múslímum sem þurfa að búa við stjórn öfgasinnaðra jihadista sem hafa hernumið landið. Bannað er að spila tónlist, fara í fótbolta, syngja og skemmta sér. Sharíalög eru í gildi. Kidane býr fyrir utan bæinn ásamt fjölskyldu sinni. Dag nokkurn fara kýrnar hans óvart í net fiskimanns og mönnunum lendir saman með þeim afleiðingum að Kidane er handtekinn og jihadistarnir krefjast blóðpeninga sem nemur 40 kúm.

Myndin er byggð á hernámi jihadista á Mali og er tekin í suðaustur-Míritaníu. Hún var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes, Óskarsverðlaunanna sem besta erlenda myndin, Bafta-verðlaunanna og hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga.

Þess má geta að um þessar mundir standa yfir réttarhöld yfir þeim jihadistum sem hernumdu Mali hjá Alþjóðadómsstólnum í Haag.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

6. HÆVNEN - SUSANNE BIER, 2010, DANMÖRK, ALDUR: 10. bekkur



HEFNDIN - Í BETRI HEIMI

*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 2010/LENGD: 115 MIN /LAND: DANMÖRK/
LEIKSTJÓRI: Susanne Bier/AÐALHLUTVERK: Mikael Persbrandt, Trine Dyrholm
og Markus Rygaard.*

Myndin segir frá læknum Antoni sem starfar í smábæ í Danmörku og flóttamannabúðum í Súdan. Á báðum stöðunum er hliðstæður vandi: Kúgun og einelti þótt menningarheimarnir séu ólíkir. Anton og eiginkona hans Marianne eru að skilja. Þau eiga tvo syni og sá eldri, Elias, sem er tíu ára, verður fyrir miklu einelti í skólanum.

Elias kynnist Christian, sem er nýfluttur frá Englandi eftir að móðir hans deyr úr krabbameini. Christian hefur ekki unnið úr sorginni yfir móðurmissinum og þeir Elias tengjast sterkum böndum þar sem báðir eru utangarðs. Christian kennir Elíasi hættulegan leik sem tengist hefnd, en þungamiðja myndarinnar er baráttan á milli fyrirgefningar og hefndar.

Hefndin hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu myndina árið 2010.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

7. LOUDER THAN BOMBS - JOACHIM TRIER, 2015, NOREGUR, ALDUR: 8.-10. bekkur



HÆRRA EN SPRENGJUR

**TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 2015/LENGD: 109 MIN /LAND: NOREGUR/
LEIKSTJÓRI: Joachim Trier /AÐALHLUTVERK: Jesse Eisenberg, Gabriel Byrne,
Isabelle Huppert**

Sýning á verkum ljósmyndarans Isabelle Reed, þremur árum eftir ótímabæran dauða hennar, verður til þess að elsti sonur hennar Jonah kemur aftur heim til föður síns, Gene, og yngri bróður síns, Conrad. Gene reynir hvað hann getur að mynda tengsl við syni sína, en þeir eiga erfitt með að sættast við tilfinningar sínar við konuna, sem þeir muna á svo ólíkan hátt.

Louder than Bombs er ljúf saga um uppvaxtarárin og samskipti þriggja kynslóða innan sömu fjölskyldu. Hún fjallar jafnframt um listsköpun og ljósmyndun og varpar ljósi á flókin tilfinningatengsl.

Myndin var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes og hlaut Norsku gagnrýnendaverðlaunin árið 2016.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

8. *HITCHCOCK - SACHA GERVASI, 2012, BANDARÍKIN, 8.-10. bekkur*



HITCHCOCK

*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 2012/LENGD: 98 MIN
/LAND: BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Sacha Gervasi /AÐALHLUTVERK: Anthony Hopkins, Helen Mirren, Scarlett Johansson*

Myndin gerist árið 1959 og Alfred Hitchcock hefur þegar fest sig í sessi sem einn af fremstu leikstjórum í heimi. Flestir telja að hann eigi að draga sig í hlé. Hitchcock ákveður því að gera kvikmynd ólíka öllum þeim sem hafa verið gerðar og teflir fram myndinni Psycho. Stóru myndverin hafa ekki trú á myndinni svo Hitchcock neyðist til að fjármagna hana sjálfur og vinna hana eins og sjónvarpsmynd í svarthvítu.

Hér gefst nemendum tækifæri til að kynnast kvikmyndagerð Alfred Hitchcock og hvernig hann vann sína frægustu mynd, Psycho (1960) - án þess að sjá óhugnanleg atriði. Myndin varpar jafnframt ljósi á helsta samstarfsmann Hitchcock, sem var eiginkona hans, Alma Reville, en hún hlaut ekki tilskilda viðurkenningu í lifanda lífi fyrir framlag sitt.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

**9. HRINGJARINN Í NOTRE DAME, GARY TROUSDALE, 1996, BANDARÍKIN,
ALDUR: 1.-5. bekkur**



**TEGUND OG ÁR /Ævintýri, teiknimynd 1996/ LENGD: 98 MIN /LAND:
BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Gary Trousdale, Kirk Wise, /AÐALHLUTVERK:
David Ogden Stiers, Gary Trousdale, Mary Kay Bergman**

Söguviðið er París á 15. öld. Brúðugerðarmeistarinn Clopin segir söguna af góðhjartaða kroppinbaknum Quasimodo sem hefur það starf að hringja bjöllunum í Notre Dame dómkirkjunni í París. Quasimodo var nærri því drepinn sem ungbarn af Claude Frollo, dómsmálaráðherra. Erkidjákni Notre Dame neyddi því Frollo til að ala Quasimodo upp sem sinn eigin son.

Quasimodo er orðinn ungur maður en Frollo hefur alla tíð falið Quasimodo fyrir umheiminum, og geymt hann í kirkjuturninum í Notre Dame. Á hátíðisdegi fíflanna eitt árið, ákveður Quasimodo að taka þátt í hátíðarhöldunum eftir að hafa fengið hvatningu frá vinum sínum Victor, Hugo og Laverne. Þar hittir hann líflega og skemmtilega sígaunastelpu sem heitir Esmeralda, og hinn myndarlega hermann Phoebus. Þau þrjú eiga það sameiginlegt að vera ósatt við grimmd Frollos, sem vill eyðileggja heimili sígaunanna í Miracle garði. Quasimodo þarf núna að vernda bæði Esmeröldu og sjálfa Notre Dame dómkirkjuna.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

**10. O, BROTHER, WHERE ART THOU? - JOEL & ETHAN COHEN, 2000,
BANDARÍKIN/FRAKKLAND, ALDUR 8.-10. bekkur**



O BROTHER, WHERE ART THOU?

**TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 2000/LENGD: 107 MIN /LAND: BANDARÍKIN/
LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Cohen /AÐALHLUTVERK: George Clooney, John
Turturro, John Goodman**

Myndin er lauslega byggð á Ódysseifskviðu eftir Hómer, og fjallar um flækingana Everett Ulysses McGill og féлага hans Delmar og Pete á fjórða áratug síðustu aldar í Mississippi í Bandaríkjunum. Þeir stinga af úr verkaflokki sem vinnur við lagningu járnbrautar, og reyna að komast heim til Everetts til að endurheimta grafinn ránsfeng úr bankaráni. Á ferð sinni rekast þeir á ýmsar skrytnar persónur, þar á meðal kýklópa, sírenur og bankaræningjann George "babyface" Nelson, ásamt ríkisstjóra á framboðsferðalagi, mótframbjóðanda hans, og æstan Ku Kux Klan hóp, sem og blindan spámann, sem varar þríeykið við með þeim orðum að "fjársjóðurinn sem þið leitið að er ekki fjársjóðurinn sem þið finnið."

O Brother, Where Art Thou? er ein af þekktustu myndum Cohen-bræðra og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir óvenjulega frásögn og skemmtilegan leik.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

11. THE EXTRAORDINARY ADVENTURES OF ADELE BLANC-SEC - LUC BESSON, FRAKKLAND, 2010, ALDUR 6.-10. bekkur



HIN ÓTRÚLEGU ÆVINTÝRI ADELE BLANC-SEC

TEGUND OG ÁR /Leikin ævintýramynd 2010/LENGD: 107 MIN /LAND: FRAKKLAND/ LEIKSTJÓRI: Luc Besson /AÐALHLUTVERK: Louise Bourgoïn, Mathieu Amalric, Philippe Nahon

Myndin gerist árið 1911. Ævintýrakonan sem kann ekki að hræðast, Adèle Blanc-Sec, fer til Egyptalands til að leita lækninga handa veikri systur sinni. Hún vonast til að finna múmíu lækni og flytja hana til Parísar. Þar býr einkennilegur prófessor, Expérandieu, sem er alræmdur fyrir undarlegar tilraunir. Adèle einsetur sér að færa prófessornum múmíuna í von um að hann noti óvenjulega hæfileika sína til að vekja lækinn til lífsins. Þegar hún kemur til Parísar er prófessorinn þegar búinn að gera umdeildar tilraunir sem boða ekkert gott.

Hin ótrúlegu ævintýri Adèle Blanc-Sec er ósvikin ævintýramynd í stíl Indiana Jones myndanna, en með kvenhetju í aðalhlutverki. Við ferðumst með Adèle á framandi slóðir og kynnumst París árið 1911.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

13. HVAÐ ER KVIKMYND? KVIKMYNDASAGA OG KVIKMYNDAFRÆÐI FYRIR MIÐSTIG OG EFRA STIG, 5-10. bekkur



Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðist kvikmyndataka? Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar og hvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi, allt frá Ferðinni til tunglsins eftir Georges Méliès til Grand Budapest Hotel eftir Wes Anderson. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum. Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.

Oddný Sen tók saman





KVIKMYNDIR

MONONOKE PRINSESSA – Japönsk myndlist, teiknimyndir, ævintýri, markmiðasetning, sjálfstæði kvenna, 4.-6. bekkur

DROTTNINGIN – Mannkynssaga, saga Bretlands, ævi Elísabetar Englandsdrottningar, Lafði Díönu, Tony Blair, bresk stjórnmal á tíunda áratugnum, 8.-10. bekkur

FRÍÐA OG DÝRIÐ – Ævintýri, myndlist, lífsleikni, fordómar, að vera öðruvísi, mynd Jean Cocteau um Fríðu og Dýrið kynnt á undan, 1.-5. bekkur

TO KILL A MOCKINGBIRD – Bandarískar bókmenntir, mannréttindi, réttindabarátta svartra í Suðurríkjum Bandaríkjanna á sjötta áratugnum, lögfræði, aðskilnaðarstefna, kvikmyndir frá sjöunda áratugnum, 8.- 10. b.

TIMBUKTU – Samfélag múslíma í Timbuktu, sannir atburðir á Mali, jihadistar, Sharialög, mannréttindadómsstóll Evrópu. 10. bekkur

HEFNDIN – Danskar kvikmyndir, myndir Susanne Bier, einelti, sorg og sorgarviðbrögð, skilnaður, margmenningarsamfélag, vinátta, 10. bekkur

HÆRRA EN SPRENGJUR – Fráfall móður, samband bræðra og feðga, sorg og sorgarviðbrögð, listsköpun, að vera unglingur, 8.-10. bekkur

HITCHCOCK – Kvikmyndagerð Hitchcock, frumkvöðlar í kvikmyndasögunni, kvikmyndaíðnaðurinn á sjötta áratugnum, sjónvarpsbyltingin, 8. – 10. bekkur

HRINGJARINN Í NOTRE DAME – París, fordómar, einelti, markmiðasetning, ævintýri, 1.-5. bekkur

O BROTHER, WHERE ART THOU? - Ódysseifskviða, Suðurríki Bandaríkjanna, myndir Cohen-bræðra, lífsleikni, 8.-10. bekkur

HIN ÓTRÚLEGU ÆVINTÝRI ADELE BLANC-SEC – París árið 1911, ævintýri, Egyptaland, vísindi, kvenréttindi, markmiðasetning, hetjudáðir, 6.-10. bekkur

HVAÐ ER KVIKMYND? Tími í kvikmyndafræði og kvikmyndasögu, hvernig lesum við kvikmyndir, 5.-10. bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

